

Þriðji fundur vetrarins í Gammadeild DKG var haldinn þriðjudaginn 11. nóvember, 2014, klukkan 17:30 í VÍS.

Fundarsetning Við komum okkur fyrir í mötuneyti starfsmanna VÍS sem staðsett er á efstu hæð höfuðstöðva VÍS í Ármúla. Þar er glæsilegt útsýni og vítt til veggja. Kristín Bjarnadóttir formaður talaði um að það væri gaman að vera komin á þennan stað. Þá greindi hún stuttlega frá samtökum okkar og fyrir hvað þau standa. Síðan setti hún fund og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi.

Fundinn sátu eftirtaldir félagar í Gammadeild: Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Elín Ólafsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðný Helgadóttir, Helga Halldórsdóttir, Helga Thorlacius, Hertha W. Jónsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir, Kristín Jónsdóttir kennsluk., Krístrún Ísaksdóttir, Margrét Jónsdóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Sigríður Jónsdóttir, Soffía Sveinsdóttir, Stefanía Arnórsdóttir, Svana Friðriksdóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir. Auk Gammasystra og fyrirlesara hafði nokkrum konum, sem gegna yfirmannsstöðu í VÍS, verið boðið að sitja fundinn.

Fyrirlesari kynntur Kristín kynnti Sigrúnu Rögnu Ólafsdóttur sem hefur gegnt starfi forstjóra VÍS s.l. þrjú ár. Hún minntist þess að þegar Sigrún var 12 ára stúlka vestur í Stykkishólmi þá hafi hún verið nemandi Kristínar.

Kynning Sigrúnar Sigrún byrjaði á að bjóða Gammakonur hjartanlega velkomnar og sagði að það væri sér sönn ánægja að taka á móti þessum hóp. Síðan sagði hún að Kristín Bjarnadóttir, hennar gamli kennari, hafi haft töluverð áhrif á hana og í raun mótað hana að vissu leyti en fyrst og fremst lagt inn metnað varðandi nám. Sigrún sagði að með leyfi Kristínar hafi hún boðið nokkrum vel völdum konum sem eru stjórnendur í fyrirtækinu til að vera með á fundinum. Hún kynnti konurnar sem hún sagði að allar gegndu veigamiklu hlutverki innan fyrirtækisins, þær voru samtals níu. Sumar þeirra höfðu verið stjórnendur í fyrirtækinu í allmörg ár en aðrar í skemmri tíma.

Sigrún ólst upp í Stykkishólmi, þar bjó hún í rúm 13 ár. Hún talaði um að það hafi verið mjög sérstakt að alast þar upp. Hún telur að þetta einstaka umhverfi sem hún ólst upp í hafi haft mikil áhrif á hana. Það var ekki hægt að láta sér leiðast í Stykkishólmi, þar var alltaf nóg að gera. Sigrún fékk mikla hvatningu í uppeldinu, foreldrar hennar hvöttu hana áfram og lögðu þau mikla áherslu á að hún gengi menntaveginum.

Sigrún er viðskiptafræðingur að mennt og löggiltur endurskoðandi, hún vann hjá virtu endurskoðendafyrirtæki í rúm 20 ár. Fyrir nokkrum árum lauk hún MBA námi frá Háskólanum í Reykjavík og hóf störf í banka. Þar starfaði hún í fjögur ár og sagði að það hafi verið mikil og góð reynsla. Haustið 2011 bauðst henni það starf sem hún gegnir í dag. Hún er fyrsta konan sem gegnir forstjórarstarfi í tryggingafélagi á Íslandi. Hjá VÍS er góður starfsandi og hlakkar Sigrún til að fara í vinnuna á hverjum degi. Kynjahlutfallið í fyrirtækinu er mjög gott, í stjórn fyrirtækisins eru t.d. þrjár konur og tveir karlar. Nýtt skipurit tók gildi á þessu ári, innan fyrirtækisins eru sex svið, tvær konur eru stjórnendur á móti fjórum körlum.

Það kom fram í máli Sigrúnar að tryggingar væru í raun samtryggingasjóður, þar sem alltaf er verið að meta áhættu. Í hnotskurn má segja að tryggingafélög veiti hinum váttrygða hugarró. Sigrún talaði um að tryggingar eigi sér aldalanga sögu, fyrstu heimildir um þær eru frá því á þriðju og annarri öld f.Kr.

VÍS var stofnað 1989 með sameiningu Samvinnutrygginga og Brunabótafélagi Íslands, í raun er hægt að rekja sögu fyrirtækisins til 1917. Frá því í apríl 2013 er VÍS skráð á aðalmarkað Nasdaq Iceland. Þetta er stærsta tryggingafélagið á Íslandi, markaðs-hlutdeild þess er um 35 %. Fyrirtækið þjónustar um 80-90.000 viðskiptavinum en uppistaðan er bílatryggingar.

Gildi VÍS eru: Umhyggja – fagmennska – árangur og eru þessi orð víða sýnileg í fyrirtækinu. Markmið fyrirtækisins eru afar skýr og er mjög mikilvægt að allir innan fyrirtækisins séu vel upplýstir. Á undanförmum árum hefur VÍS hlotið ýmsar viðurkenningar, fyrirtækið var m.a. valið “framúrskarandi fyrirtæki” árið 2013. Fyrirtækið gerir mikið af því að sinna samfélagslegri ábyrgð, m.a. með alls konar forvörnum eins og húfuverkefninu “Skinandi skemmtilegar húfur”, málum sem snerta umhverfið, stuðningi við íþróttastarf o.s.frv. Sigrún talaði um að allir starfsmenn VÍS væru “forverðir”, það þýðir að þeir eiga að vera vakandi gagnvart hættum í umhverfinu og benda á úrlausnir. Síðan starfar forvarnarráð innan fyrirtækisins, þar er alltaf verið að hugsa, spá og spekulera um hvað má betur gera.

Sigrún sýndi nokkrar áhugaverðar og skemmtilegar auglýsingar sem VÍS hefur látið gera. Auglýsingarnar eiga það allar sameiginlegt að þær eru unnar eftir raunverulegum sögum. Það var ekki hægt annað en að skellihlæja að þeim þó enginn vilji lenda í þeim aðstæðum sem þær komu fram. Þessi auglýsingaherferð VÍS kallast: F–plús – Allt getur gerst.

Sigrún endaði þennan fyrirlestur á að tala um jafnrétti. Jafnréttisstefna VÍS var skrifuð 2001. Þá voru mjög fáar konur millistjórnendur í fyrirtækinu en markmiðið var einnig að fjölga körlum í hefðbundnum störfum. Bestu deildirnar eru þar sem

er mest blöndun og þar sem fólk starfar saman og er á ólíkum aldri, í þessum deildum er mesta jafnréttið. Hjá VÍS eru um 200 starfsmenn, þar af eru 45 % konur og 55 % karlar. Sigrún talaði um að Ísland stæði nokkuð framarlega varðandi stjórnendur í fyrirtækjum þó vissulega mætti gera betur. Það kom fram að umræða á stjórnarfundum skipti miklu máli, hún breytist þegar konum fjölgar og um leið verður jafnrétti meira. Hún talaði um að áður hafi hún alltaf ein af strákunum, það er ótrúlegt að segja frá því að þegar Sigrún varð endurskoðandi, þá var hún 13. konan sem lauk því prófi á Íslandi.

Að lokum var klappað fyrir Sigrúnu.

Fundarlok Kristín þakkaði Sigrúnu kærlega fyrir frábærar móttökur og þessa fróðlegu kynningu. Hún sagði jafnframt að þetta hefði verið mun skemmtilegri fundur en hún hafði búist við. Í þakklætisskyni færði Kristín Sigrúnu rós sem er tákn samtakanna. Síðan var fundi slitið.

Loks var boðið upp á glæsilegar veitingar og Gammakonur voru leystar út með gjöfum.

Fundargerð skráði Svana Friðriksdóttir.